

Nd.

749. Breytingartillögur

við frumv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbr. Ísberg.

1. Við 2. gr.
 - a. Á eftir orðunum „ef sérstök þörf krefur“ í síðari másl. fyrri málsgr. komi: um 1%.
 - b. Við síðari málsgr. bætist:

Þessi undanþága gildir þó eigi, ef framleiðendur selja beint til neytenda eftir heimild 5. gr. Reiknast þá verðjöfnunargjald af 3000 lítra ársnyt fyrir fullmjólkandi kú. Frá skal þó draga 2000 lítra hjá hverjum framleiðanda til heimilisnota.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. (sem verður 4. gr.).
 - a. Fyrir „og félag framleiðenda“ í 1. málsgr. komi: og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar.
 - b. Fyrir tvo síðustu másl. 4. málsgr. kemur: Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð innan kaupstaðar, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum.
 - c. 5. og 6. málsgr. falli niður.
 - d. Aftan við síðustu málsgr. bætist: enda sé bændum frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði.
 - e. Á eftir greininni komi ný grein, sem verður 5. gr., þannig:

Þeir, sem framleiða mjólk innan kaupstaðar eða kaupsþúns, geta valið um, hvort þeir annast sjálfir söluna beint til neytenda innan bæjarfélagsins eða kaupsþúnsins, eða ganga til samvinnu við mjólkurbú á staðnum og fá undanþágu frá verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr., en hlíta verða þessir menn ákvörðun mjólkursölunefndar um verðlag. — Til öryggis gegn sýkingarhættu af ógerilsneyddri mjólk er með reglugerð heimilt að setja ákvæði um framleiðslu og meðferð þeirrar mjólkur, eftir tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar og í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

Einnig sé á sama hátt sett ákvæði um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum, hvort sem hún er framleidd innan eða utan bæjarfélags eða kaupsþúns. Nafnið barnamjólk má ekki

viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður samkvæmt þeirri reglugerð.

4. Við 6. gr.

a. Í stað „Alþýðusamband Íslands formann nefndarinnar.“ í 3. másl. 1. málsgr. kemur: Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann, félag mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags, þar sem aðalsala fer fram, tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 1 mann í nefndina, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

b. Síðasta málsgr. orðist þannig:

Ríkissjóður greiði borgun til formanns nefndarinnar, en annar nauðsynlegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af verðjöfnunarsjóði.

5. Við 7. gr.

a. Á eftir a-lið kemur nýr liður, sem verður b-liður, svo hljóðandi:

Að ákveða á hverjum tíma útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað, sem lögin ná til. Skal söluverð reiknað út eftir verðvísitölum í samræmi við framleiðslukostnað, eftir því sem við má koma. Séu nánari ákvæði sett um það í reglugerð, eftir tillögum mjólkursölu nefndar.

b. b-liður verði c-liður, c-liður verði d-liður og d-liður verði e-liður.

c. e-liður falli burt.

6. Við 15. gr. 2. málsgr. falli burt.

7. Ákvæði um stundarsakir falli burt.